

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 5.500.00. Er þar með talinn útlagður kostnaður hans af málinu samkvæmt framlögðum reikningum, samtals að fjárhæð kr. 567.00.

Gunnar M. Guðmundsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp þenna dóm.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Lárusi G. Guðmundssyni, kr. 50.000.00 auk 6% ársvaxta frá 12. október 1953 til greiðsludags og kr. 5.500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 31. janúar 1958.

Nr. 59/1957. Tyrfingur Tyrfingsson

(Vilhjálmur Jónsson hrl.)

gegn

Hallgrími Péturssyni (Ragnar Jónsson hrl.).

og gagnsök

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. marz 1957. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans fyrir báðum dómum eftir mati Hæstaréttar. Til vara krefst hann þess, að dæmd fjárhæð verði lækkuð og málskostnaður í hér-
aði felldur niður, en að honum verði dæmdur málskostnaður í Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 15. maí 1957. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 32.804.35 ásamt 6% ársvöxtum frá 18.

nóvember 1954 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins. Hann krefst þess og, að honum verði dæmdur lögveðréttur í bifreiðinni R 3224 fyrir dæmdum fjárhæðum.

Gagnáfrýjandi hlaut við slysið heilahristing og fleiri ákomur, eins og lýst er í héraðsdómi. Hann hefur skýrt svo frá, að hann hafi haft miklar þrautir í höfði fram í júlímánuð, þ. e. um 4 mánaða tíma eftir slysið, og hafa læknar ekkert haft við þá frásögn að athuga. Með tilliti til þessa þykja bætur fyrir þjáningar og óþægindi hæfilega metnar í héraðsdómi. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó með þeirri breytingu, að vextir verða aðeins dæmdir frá 18. nóvember 1954 í samræmi við kröfugerð gagnáfrýjanda.

Rétt þykir, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Tyrfingur Tyrfingsson, greiði gagnáfrýjanda, Hallgrími Péturssyni, kr. 5250.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 18. nóvember 1954 til greiðsludags, kr. 123.84 í orlofsfé, kr. 950.00 í málskostnað í héraði og kr. 3000.00 í málskostnað í Hæstarétti. Á gagnáfrýjandi lögveð í bifreiðinni R 3224 til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 19. febrúar 1957.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 8. þ. m., hefur Hallgrímur Pétursson sjómaður, Grundarstíg 6, hér í bæ, höfðað á bæjarinu með stefnu, útgefinni 16. nóvember 1954, gegn Tyrfingi Tyrfingssyni, Rauðarárstíg 22, hér í bæ, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 32.804.35 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 31.827.14 frá

18. nóvember 1954 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Þá hefur stefnandi krafizt lögveðs í bifreiðinni R 3224 til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar eftir mati dómarans, en til vara, að krafa stefnanda verði stórlega lækkuð og málskostnaður falli niður.

Samvinnutryggingum s.f. hefur verið stefnt til að gæta réttar síns í málinu. Á hendur réttargæzlustefnda eru ekki gerðar kröfur í málinu, og hann hefur engar kröfur gert.

Málsatvik eru þessi:

Hinn 10. marz 1954, kl. 20,25, varð stefnandi fyrir því slysi, er hann var á gangi á Hafnargötu í Keflavík, að bifreiðinni R 3224 var ekið aftan á hann með þeim afleiðingum, að hann féll í götuna og hlaut nokkur meiðsli.

Stefnandi skýrir svo frá, að í umrætt sinn hafi hann verið á leið frá Keflavíkurflugvelli til Keflavíkur. Kveðst hann hafa gengið yzt á sínum vinstra jaðri götunnar. Er hann var kominn á móts við innsta húsið við Hafnargötu (Aðalstöðina nýju), hafi hann orðið þess var, að bifreið kom á eftir honum, en þar eð hann var yzt á brún götunnar, hafi hann ekkert skeytt því. Skyndilega hafi hann orðið fyrir höggi og fallið í götuna. Kveðst hann ekki vita gjörla, með hverjum hætti slysið varð, en hyggur, að framvari bifreiðarinnar hafi lent á hnésbótum hans og hann fallið við það aftur yfir sig og lent á vélarhlíf bifreiðarinnar, en fallið síðan fram yfir sig á götuna. Stefnandi kveðst þess fullviss, að bifreiðin hafi numið staðar samstundis, en fullyrðir jafnframt, að ökumaðurinn hafi ekkert hljóðmerki gefið, enda muni ökumaðurinn ekki hafa veitt honum athygli fyrr en á sama andartaki og slysið varð. Stefnandi lýsir svo staðháttum á slysstaðnum, að gatan sé mjög breið, og telur hann, að þrjár stórar bifreiðar geti hægilega mætt þarna. Götulýsing hafi þarna lítil verið eða jafnvel engin. Engin farartæki hafi staðið á götunni í nágrenni slysstaðarins og hafi gatan verið algerlega tálmunarlaus. Engar afmarkaðar akbrautir munu vera meðfram götunni, og segir stefnandi, að vegna bleytu hafi verið ófært gangandi vegfarendum utar en hann gekk.

Bifreiðin R 3224 er 6 manna fólksflutningabifreið, og er stefndi eigandi hennar. Í umrætt sinn ók sonur hans bifreiðinni. Skýrir hann svo frá, að hann hafi ekið á sínum vinstra helmingi Hafnargötu og verið á leið til Keflavíkur. Hafi hann ekið með um 15 km hraða, miðað við klukkustund. Skyndilega hafi hann orðið

Þess var, að bifreiðin var komin fast að manni, er gengið hafi í sömu átt. Um leið hafi hann snögghemlað bifreiðinni, en árekstri hafi ekki orðið forðað og hafi bifreiðin lent aftan á manni þessum, sem reyndist vera stefnandi, og hann fallið í götuna.

Löggæzlumenn munu ekki hafa verið kvaddir á slysstaðinn, en rannsókn á tildrögum slyssins var framkvæmd af lögreglunni í Keflavík næsta dag. Í skýrslu lögreglunnar um slysið segir, að götulýsing sé slæm á þeim slóðum, þar sem slysið varð. Þá segir enn fremur í skýrslunni, að umrætt kvöld hafi verið stormur og slyddusúld og gótur blautar.

Kröfur sínar í málinu reisir stefnandi á því, að ökumaður R 3224 hafi átt alla sök á slysinu og beri því stefndi, eigandi bifreiðarinnar, fébótaábyrgð á tjóni því, er af slysinu hlaut.

Sýknukröfuna reisir stefndi á því, að ökumaður bifreiðarinnar hafi ekki getað varnað slysinu. Stefnandi hafi verið dökkklæddur og því erfitt að sjá hann á götunni í myrkri og slæmu veðri. Með því að ganga inni á akbrautinni við slíkar aðstæður, hafi stefnandi raunverulega stofnað til slyssins. Að minnsta kosti sé vafalaust, að stefnandi hafi átt verulega sök á slysinu. Vekur stefndi á því athygli í þessu sambandi, að stefnandi viðurkenni, að bifreiðinni hafi verið ekið á mjög hægri ferð og numið staðar jafnskjótt og hemlað var.

Þegar það er virt, sem að framan er rakið um atvik að slysi þessu, verður eigi talið, að af hendi stefnda hafi verið sýnt fram á, að slysinu hefði ekki orðið forðað, þótt ökumaður bifreiðarinnar hefði sýnt fyllstu aðgæzlu. Ber því stefndi fébótaábyrgð á slysinu.

Ekki er annað fram komið í málinu en að rétt sé sú frásögn stefnanda, að hann hafi gengið yzt á jaðri götunnar. Þegar þess á hinn bóginn er gætt, að dimmt var orðið, götulýsing ófullkomin og veðurskilyrði slæm, að því er virðist, svo og að engar afmarkaðar gangbrautir voru með fram akbrautinni fyrir gangandi fólk, þá verður að telja, að varlegra hefði verið af stefnanda að ganga á sínum hægra jaðri götunnar. Að hann gætti ekki þeirrar varúðar, verður þó eigi metið honum til slíks gáleysis, að hann verði látinn bera tjón sitt að nokkru sjálfur, enda eru engin ákvæði í lögum, er skylda vegfarendur til slíkrar varúðar. Samkvæmt þessu verður fébótaábyrgð stefnda á slysinu óskoruð.

Stefnandi hefur sundurliðað kröfu sína þannig:

1. Atvinnutjón kr. 21.813.12

2. Fæðispeningar	—	2.760.00
3. 5% orlof af kaupi	—	977.21
4. Gerfitennur	—	1.500.00
5. Læknishjálp	—	390.00
6. Lyf	—	61.35
7. Kostnaður við töku röntgenmynda	—	116.67
8. Fataskemmdir	—	150.00
9. Ferðakostnaður	—	36.00
10. Bætur fyrir sársauka og þjáningar	—	10.000.00

Samtals kr. 37.804.35

Frá þeirri fjárhæð hefur stefnandi dregið kr. 5.000.00, sem hann hefur þegar fengið greitt upp í tjón sitt. Kemur þá fram fjárhæð stefnukröfunnar.

Um 1.

Eftir slysið gat stefnandi staðið hjálparlaust á fætur, en öku-
maður R 3224 ók honum þegar til héraðslæknisins í Keflavík,
sem gerði að meiðslum hans. Samkvæmt vottorði læknisins, dag-
settu 31. marz 1954, lá stefnandi rúmfastur í 3 daga eftir slys-
ið, en var heima óvinnufær til 28. marz 1954.

Á öðrum degi eftir slysið var stefnandi skoðaður af heimilis-
lækni sínum, Eggerti Steinþórssyni. Í vottorði læknisins, dag-
settu 3. apríl 1954, er meiðslum þeim, er stefnandi hlaut, lýst svo:

„1. 2 cm langur skurður á hægri augabrún, sem hafði verið
saumaður.

2. Brotinn falskur tanngarður.

3. Einkenni um heilahristing.

4. Eymsli í vöðvum á hálsi og mjöðm.“

Þá segir í sama vottorði, að stefnandi hafi verið frá vinnu
til 29. marz 1954, en hafi unnið síðan. Þó sé hann enn ekki búinn
að ná sér að fullu eftir slysið, t. d. sé honum hætt við svima
og megi búast við, að nokkrar vikur líði, unz hann náí sér alveg.

Stefnandi skýrði svo frá fyrir dómi hinn 6. marz 1956, að
hann hafi haft miklar þrautir í höfðinu fram í júlí 1954, að
hann minni, en er þær minnkuðu, hafi hann farið að finna til
í vinstri öxlinni. Kvaðst hann telja, að höfuðverkurinn hafi með
einhverju móti færzt í öxlina. Hins vegar kvaðst stefnandi þá
vera orðinn jafngóður í öxlinni svo og í höfðinu, nema hvað
honum fyndist hann vera minnisminni en áður. Þá skýrði stefn-

andi svo frá í umrætt sinn, að er hann féll í götuna, er slysið varð, hefði hann komið niður á vinstri öxlina.

Hinn 27. júlí 1954 var stefnandi skoðaður af Kristjáni Hannessyni lækni. Í vottorði þess læknis, dagsettu 14. okt. 1954, segir, að stefnandi hafi leitað til hans vegna verkja í vinstri öxl. Síðan segir orðrétt á þessa leið í vottorðinu:

„..... Öxlin var þá allsár og verkir við hreyfingar, sem voru óeðlilega hindraðar, áleit ég vera vegna sársauka

Sjl. hefur verið hjá mér síðan.

Nú er sjl. verkjafrí, engin sjáanleg vöðvarírnun af axlarsvæði, en hreyfingar eru hindraðar, það vantar ca. 15° á 90° abduction í v. axlarlið. Sjl. getur með erfiðismunum fært v. hönd í hnakka, heldur er léttara fyrir hann að færa v. hönd í mjóbak, en rotation er annars allhindruð, þannig að sjl. á erfitt með vinnu (erfiðisvinnu).“

Í vottorði, dagsettu 22. október 1954, getur Kjartan R. Guðmundsson læknir þess, að stefnandi hafi komið til hans til rannsóknar 16. júní s. á. og verið til meðferðar hjá honum síðan. Aðalkvartanir hans hafi verið þyngsli í höfði, almenn þreyta og taugaóstyrkur. Hann 27. júlí s. á. hafi hann kvartað um verki í vinstri öxl, sem hann (stefnandi) haldi fram, að stafi frá slysinu.

Hinn 7. september 1954 var stefnandi skoðaður af Þórarni Sveinssyni lækni, sem jafnframt mat örorku hans vegna slyssins. Í vottorði læknis þessa, dagsettu 23. s. m., segir á þessa leið:

„..... Slasaði segist hafa verið mjög slæmur í höfðinu fyrst í stað, einkum fyrstu vikuna eftir slysið, og lengi hafa haft þungadrunga yfir höfðinu. Hann segist þó hafa farið í vinnuna á Keflavíkurflugvelli 29. marz. Segist hann hafa haft þar létt störf og einnig verið hlíf í fyrstu. Þeirri vinnu hætti hann svo um páskana (miðjan apríl). Þá hóf hann vinnu í Héðni, þar sem hann vann síðan fram til 11. júní 1954, en þá segist hann hafa verið svo slæmur í vinstri öxlinni, að hann hafi orðið að hætta störfum. Slasaði telur veikindin í öxlinni vera afleiðing slyssins. Hann getur þó ekki greint það samhengi með öðru en því, að hann hafi verið slæmur í öllum líkamanum eftir slysið, en þó einkum í báðum hnjám og fótum. Vegna þrautanna í öxlinni fór hann til Kristjáns Hannessonar nuddlæknis. Læknirinn telur, að slasaði muni verða lengi að ná fullum bata í öxlinni, sbr. vottorð hans, dagsett 2. sept. 1954.

Slasaði hefur ekkert unnið síðan 11. júní, að því er hann segir. Vegna taugaslens hefur hann verið hjá Kjartani R. Guðmunds-

syni lækni. Ég snéri mér til hans símleiðis og spurði hann, hvenær slasaði hefði leitað til hans, og reyndist það vera 16. júní 1954. Hann kvartaði þá ekki um þrautir í öxlinni. Þann 6/7 1954 kvartar hann um þrautir í fótunum, en fyrst 27/7 1954 kvartar hann um verki í öxlinni.

Það sést af þessu, að nokkuð gætir missagna um axlarverkinn í umræddri frásögn. Þar sem um höfuðmeiðsli var að ræða, var rétt, að augnlæknir gæfi álit um ástand sjónarinnar. Samkvæmt vottorði Guðmundar Björnssonar augnlæknis, dagsettu 5. júní 1954, var sjónin svarandi til aldurs mannsins.

Skoðun: Fremur grannholda maður. Framkoma hans og fas allt ber það með sér, að hann hafi taugaslen. Á höfði hefur hann örlítið ör yfir hægra auga, rétt ofan við augabrúnina, um 1,5 cm á lengd og svo lítið greinilegt, að athygli þarf að beita til að taka eftir því. Á höfði er ekki annað að sjá. Heyrn er eðlileg og sjón, sbr. augnvottorð, sem að framan er greint.

Blóðþrýstingurinn mældist 120/70. Hjartastarfsemin var regluleg og jöfn.

Við athugun á vinstri öxl skortir 30° til að ná handleggnum beinum frá bók í axlarhæð (abductio). Getur hann aðeins komið hendingu í buxnastrangshæð aftur fyrir bak. Ekkert er dregið úr vöðvum, en vottur er af þrota í liðapokanum ofan á liðnum. Hreyfingar í hálsi eru eðlilegar og engin missmíði eru þar finn- anleg. Reflexar eru eðlilegir. Ekkert sést nú á fótum og kraftar eru góðir og liðamót eðlileg. Hann kvartar hins vegar um verkjaprautir í kálfunum. Reflexar eru líflegir.

Ályktun: Um er að ræða marmeiðsli á fótum og víðar ásamt skurði á enni og heilahristing, sem mun hafa verið léttur, ef dæma má af liðan sjúklingsins fyrst eftir slysið. Þrautir þær, sem slasaði hefur í vinstri öxl, verða ekki skýrðar sem afleiðing fyrrgreinds slyss og hljóta því að vera því óviðkomandi.

Örorka vegna slyssins telst hæfilega metin:

Fyrir 1 viku fyrst eftir slysið	100%	örorka
— 1 — þar á eftir	75%	—
— 1 — — - —	50%	—
— 1 — — - —	30%	—
— 1 — — - —	20%	—
— 1 — — - —	15%	—

Úr því 10% örorka um 2 mánaða skeið með tilliti til taugaslens.“

Af hendi stefnda er því ákveðið mótmælt, að axlarverkur

sá, sem um ræðir í læknisvottorðunum hér að framan, hafi verið afleiðing slyssins. Með bréfi, dagsettu 2. marz 1956, óskaði lögmaður stefnanda þess, að álits lækna ráðs yrði leitað um þetta atriði. Og með úrskurði, uppkveðnum á bæjarþinginu 7. s. m., var málið lagt fyrir lækna ráð á þá leið, að óskað var álits um, hvort verkir þeir, sem stefnandi samkvæmt gögnum málsins telur sig hafa haft í vinstri öxl, verði taldir sennileg afleiðing slyss þess, sem um getur í málinu.

Ályktun lækna ráðs er svofelld:

„Af þeim gögnum, sem fyrir liggja, verður ekki ályktað, að verkirnir í vinstri öxl, sem stefnandi fer að finna til í júlí 1954, séu afleiðing af bílslysi því, er hann varð fyrir hinn 10. marz sama ár.“

Fjárhæð þessa kröfuliðs fær stefnandi þannig fram, að hann telur atvinnutjón sitt frá slyssdegi til 29. marz 1954 hafa numið kr. 2.476.80. Er þeirri fjárhæð ekki mótmælt af stefnda. Eins og fram kemur í vottorði Þórarins lækis Sveinssonar hér að framan, hætti stefnandi vinnu 11. júní 1954 vegna verkja í vinstri öxlinni, en til þess tíma mun hann hafa unnið samfelldt frá 29. marz s. á. Samkvæmt gögnum málsins hóf stefnandi vinnu af nýju 20. október s. á. Atvinnutjón sitt greint tímabil telur hann nema kr. 19.336.32. Samkvæmt þessu áætla hann heildaratvinnutjón sitt vegna slyssins kr. 21.813.12, sem er fjárhæð þessa kröfuliðs.

Stefndi hefur ákveðið mótmælt því, að orsök þess, að stefnandi var ófær til vinnu frá 11. júní til 20. október 1956 verði á nokkurn hátt rakið til slyssins. Eigi hann því engan rétt á bótum fyrir atvinnutjón það tímabil.

Með hliðsjón af því, sem fram er komið í málinu um meiðsli stefnanda og afleiðingar þeirra, verður ekki talið, að af hendi stefnanda hafi verið gert sennilegt, að vanhæfi hans til vinnu greint tímabil verði rakið til meiðsla þeirra, er hann hlaut við slysið. Að því athuguðu og með skírskotun til örorkumats Þórarins lækis Sveinssonar, sem óhaggað stendur, þykir hæfilegt að taka kröfulið þenna til greina með kr. 3000.00.

Um 2.

Stefnandi vann á Keflavíkurflugvelli, er hann slasaðist. Kveðst hann hafa átt rétt á kr. 23.00 á dag í fæðispeninga samkvæmt samningi við atvinnurekanda sinn. Er fjárhæð þessa kröfuliðs fæðispeningar í 120 daga.

Stefndi véfengir ekki, að stefnandi eigi rétt á bótum samkvæmt þessum lið fyrir tímabilið 11.—29. marz 1954 eða í 18 daga. Að því athuguðu og með vísun til þess, sem greinir undir 1. lið hér að framan, telst tjón stefnanda samkvæmt þessum kröfulið nema kr. 414.00 (kr. 23.00×18).

Um 3.

Stefndi hefur ekki véfengt, að stefnandi eigi rétt á orlofi af kr. 2.476.80, sem eins og fyrr greinir er það kaup, sem stefnandi telur sig mundu hafa haft frá slysdegi til þess, er hann hóf aftur vinnu hinn 29. marz. Hins vegar mótmælir hann því eindregið, að stefnandi eigi rétt á frekara orlofsfé.

Með skírskotun til þeirra raka, sem greind eru fyrir niðurstöðu 1. kröfuliðs hér að framan, verður á þetta fallizt með stefnda. Samkvæmt því verður liður þessi tekinn til greina með kr. 123.84 (5% af kr. 2.476.80).

Um 4.

Þessum kröfulið er ekki mótmælt, og verður hann tekinn til greina óbreyttur.

Um 5.

Stefndi hefur mótmælt því, að þessi kröfuliður og tveir hinir næstu, er á eftir koma, eigi rétt á sér.

Stefnandi hefur lagt fram kvittanir frá þrem læknum fyrir greiðslum til þeirra vegna lækniSSkoðana á honum og vottorði í sambandi við þær, en nokkur þessara læknisvottorða eru rakin hér að framan. Kvittanir þessar eru frá Kjartani R. Guðmundssyni, að fjárhæð kr. 300.00, en hjá honum var stefnandi til meðferðar frá 16. júní til 22. október 1954; Guðmundi Björnssyni, að fjárhæð kr. 30.00, vegna augnskoðunar 5. júní s. á. og Eggerti Steinþórssyni, að fjárhæð kr. 60.00, fyrir tvö læknisvottorð.

Lækniskostnaður sá, sem stefnandi krefst hér endurgreiðslu á, er að minnsta kosti öðrum þræði vegna sjúkleika hans, sem samkvæmt framansögðu verður ekki talinn sennileg afleiðing meiðsla þeirra, er hann hlaut við slysið. Er því ekki unnt að taka kröfulið þenna til greina að fullu gegn andmælum stefnda. Þykja bætur samkvæmt honum eftir atvikum hæfilega ákveðnar kr. 150.00.

Um 6.

Til stuðnings þessum kröfulið hefur stefnandi lagt fram þrjá

reikninga um lyfjakaup, er nema samtals fjárhæð þeirri, er hér er krafizt. Lyfjakaup samkvæmt tveim þessara reikninga hafa farið fram síðara hluta júní 1954, en samkvæmt hinum þriðja í öndverðum júlí s. á. Að svo vöxnu máli er ekki unnt að taka lið þenna til greina að neinu leyti gegn andmælum stefnda.

Um 7.

Röntgenmyndir þær, sem hér um ræðir, voru teknar af vinstri öxl stefnanda 2. júní 1954 og 4. september s. á. Á því hið sama við hér og næsta lið á undan. Samkvæmt því verður þessi liður ekki að neinu leyti tekinn til greina.

Um 8.

Kröfulið þessum er ekki mótmælt, og verður hann því tekinn til greina óbreyttur.

Um 9.

Kröfulið þessum hefur stefndi mótmælt sem málinu óviðkomandi.

Er stefnandi slasaðist, mun hann hafa verið búsettur hér í bænum, enda þótt hann dveldist í Keflavík vegna atvinnu sinnar. Að svo vöxnu máli þykir hann eiga rétt á bótum samkvæmt þessum kröfulið, og þar eð hann virðist mjög við hóf, verður hann tekinn til greina óbreyttur.

Um 10.

Þessum kröfulið hefur stefndi mótmælt sem alltof háum.

Þegar það er virt, sem að framan er rakið um meiðsli þau, er stefnandi hlaut og afleiðingar þeirra, sem sennilegar þykja, ákveðast bætur til stefnanda fyrir sársauka og þjáningar kr. 5.000.00.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, verða málalok þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 10.250.00 (kr. 3.000.00 + kr. 414.00 + kr. 1.500.00 + kr. 150.00 + kr. 150.00 + kr. 36.00 + kr. 5.000.00), að frádregnum þeim kr. 5.000.00, sem stefnandi hefur samkvæmt framansögðu þegar fengið greiddar upp í tjón sitt, eða kr. 5.250.00 og kr. 123.84 í orlofsfé. Þá ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda vexti, svo sem krafizt er, og málskostnað, sem ákveðst kr. 950.00.

Með vísun til 5. mgr. 34. gr. laga nr. 23 frá 1941 ber að viðurkenna lögveðrétt stefnanda í bifreiðinni R 3224 til tryggingar fjárhæðum þessum.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp þenna dóm.

Dómsorð:

Stefndi, Tyrfingur Tyrfingsson, greiði stefnanda, Hallgrími Péturssyni, kr. 5.250.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 10. marz 1954 til greiðsludags, kr. 123.84 í orlofsfé og kr. 950.00 í málskostnað. Á stefnandi lögveð í bifreiðinni R 3224 til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 3. febrúar 1958.

Nr. 119/1957. Ákærvaldið (Lárus Jóhannesson hrl.)

gegn

Jóhanni Ágúst Jóhannessyni

(Sveinbjörn Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Bifreiðarslyssmál.

Dómur Hæstaréttar.

Samkvæmt 39. gr. laga nr. 23/1941 þykir rétt að svipta ákærða ökuleyfi 6 mánuði. Að öðru leyti ber að staðfesta héraðsdóminn, þó svo, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Jóhann Ágúst Jóhannesson, skal sviptur ökuleyfi 6 mánuði. Að öðru leyti á héraðsdómurinn að vera óraskaður, þó svo, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar